

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## II. HLUTI

Gerð og yfirferð prófs: Katrín Ólafsdóttir

Prófnúmer próftaka: .....
---------------------------

Námsgrein til prófs:	Þjóðhagfræði		
Prófdagur:	28. janúar 2009	Kl.:	17-21
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	12 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	<u>Engin</u> hjálpargögn leyfileg.	Fylgiblöð:	0

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.


VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## Hluti A (40%):

Svarið eftirfarandi krossaspurningum. Setjið aðeins einn kross við hverja spurningu. Gefið er fyrir rétt svar, ekki er dregið niður fyrir rangt svar.

- (3%) Hrun á verðbréfamarkaði veldur því að fólki finnst það almennt fátækara en áður. Þetta myndi leiða til þess að fólk myndi:
  - minnka neyslu, sem flytur heildarframboðsferilinn (HF/e. AS) til vinstri.
  - minnka neyslu, sem flytur heildareftirspurnarferilinn (HE/e. AD) til vinstri.
  - auka neyslu, sem flytur heildarframboðsferilinn (HF/e. AS) til hægri.
  - auka neyslu, sem flytur heildareftirspurnarferilinn (HE/e. AD) til hægri.
- (3%) Lækkun fjárfestingar vegna lántöku ríkisvaldsins kallast:
  - Samkeppnisáhrifin (e. competition effect)
  - Hallaáhrifin (e. deficit effect).
  - Ruðningsáhrifin (e. crowding out effect).
  - Frumskógaráhrifin (e. bully effect).
  - Ósamhverfniáhrifin (e. asymmetry effect).
- (3%) Notið myndina að neðan til að svara spurningunni. Peningaefitirspurn mun flytjast úr  $M_0^d$  í  $M_1^d$  ef:



- heildarframleiðsla minnkar.
- vextir lækka.
- verðlag hækkar.
- verðbólga eykst.

4. (3%) Hver eftirfarandi þátta hliðrar langtímaheildarframboðsferlinum?
- Peningastefna.
  - Heildareftirspurn.
  - Tækniframfarir.
  - Breytingar á verðlagi.
  - Breytinga á jaðarneyslunheigð (e. MPC).
5. (3%) Raungengi er(u):
- hlutfallslegt verð á innlendum og erlendum vörum og þjónustu.
  - hlutfallslegt verð á innlendum gjaldmiðli og erlendum gjaldeyri.
  - hlutfallslegir vextir innanlands og erlendis.
  - Ekkert af ofantöldu er rétt.
6. (3%) Spákaupmenn sem búast við \_\_\_\_\_ gengi pund í hlutfalli við yenið munu \_\_\_\_\_.
- lækkun á; bjóða fram yen.
  - hækkun á; auka eftirspurn eftir pundum.
  - hækkun á; auka eftirspurn eftir yenum.
  - hækkun á; bjóða fram pund.
  - óbreyttu; auka eftirspurn eftir pundum.
7. (3%) Á síðustu áratugum hafa fleiri og fleiri Íslendingar valið að elda minna heima og borða oftar á veitingastöðum. Þessi breyting í hegðun ein og sér hefur þau áhrif að:
- verg landsframleiðsla mælist meiri.
  - verg landsframleiðsla mælist minni.
  - verg landsframleiðsla breytist ekki.
  - Breytingin hefur áhrif á landsframleiðslu aðeins að því marki sem fólk borðar meira á veitingastöðum en heima.

8. (3%) Ef framboð peninga í hagkerfinu eykst, þá
- eykst atvinnuleysi, en verðbólga minnkar.
  - minnkar atvinnuleysi en verðbólga eykst.
  - eykst bæði atvinnuleysi og verðbólga.
  - minnkar bæði atvinnuleysi og verðbólga.
9. (3%) Hvað af eftirtöldu flytur feril heildareftirspurnar til vinstri?
- Hækkun á verðlagi.
  - Minna peningaframboð.
  - Aukning í nettóútflutningi.
  - Skattaívilnun vegna fjárfestingar.
10. (3%) Ef vextir á peningamarkaði eru hærri en vextir í jafnvægi á peningamarkaði, þá
- er eftirspurn eftir peningum meiri en framboðið af peningum.
  - munu markaðsöflin hækka vextina.
  - kaupir fólk skuldabréf í skiptum fyrir peninga.
  - mun vaxtalækkun valda skorti á peningum í jafnvægi.

11. (3%) Þau tæki sem Seðlabanki Íslands hefur til að stjórna peningámálum eru:
- a. Ákvörðun stýrivaxta.
  - b. Viðskipti á markaði með ríkistryggð verðbréf.
  - c. Inngrip á gjaldeyrismarkaði.
  - d. Ákvörðun bindisskylduhlutfalls.
  - e. Allt ofantalið er rétt.
12. (3%) Tímatafir í stefnu (e. policy lags) hafa það í för með sér að
- a. peningamálastefnan (e. monetary policy) er áhrifaríkari en ríkisfjármálastefnan (e. fiscal policy).
  - b. ríkisfjármálastefnan er áhrifaríkari en peningamálastefnan.
  - c. efnahagsstefna getur verið röng á þeim tímapunkti sem hún fer að hafa áhrif.
  - d. efnahagsstefna hefur engin áhrif.
13. (4%) Í landi með lokað hagkerfi og lágan þjóðhagslegan sparnað, þar er:
- a. vöxtur mikill þar sem heildareftirspurn er mikil miðað við tekjur.
  - b. vöxtur annaðhvort mikill eða lítill, það veltur á fjárfestingunni.
  - c. vöxtur lítill þar sem fjárfesting getur ekki verið mikil þar sem sparnaður er lágur.
  - d. ekkert vandamál að ná fullri framleiðslugetu til skamms tíma.

**Hluti B (20%):**

Svarið eftirfarandi spurningum:

14. (4%) Skilgreinið lokað hagkerfi (e. closed economy)

15. (4%) Skilgreinið fórnarkostnað (e. opportunity cost).

16. (4%) Hvað er peningamargfaldari?

17. (8%) Hvað mælir viðskiptajöfnuður (e. current account balance). Hverjir eru helstu liðir viðskiptajafnaðar? Hvaða afleiðingar hefur langvarandi halli á viðskiptajöfnuði?

### **Hluti C (40%):**

Svarið fjórum (4) af eftirfarandi fimm (5) spurningum. Ef öllum spurningum er svarað, er gefið fyrir svörin við fyrstu fjórum (4) spurningunum. Vandið svörin og notið líkön/gröf þar sem það á við.

18. (10%) Hvert er hlutverk vísitölu neysluverðs? Útskýrið hvernig vísitalan er mæld og nefnið dæmi um hvernig hún er notuð hér á landi. Ræðið einnig muninn á vísitölu neysluverðs og verðvísitölu vergrar landsframleiðslu.



19. (10%) Í landinu Ökonomie er atvinnuleysi mikið og verðbólga lág. Stjórnvöld ákveða að grípa til aðgerða og lækka tekjuskatt til muna. Hvaða áhrif hefur þessi aðgerð á efnahag Ökonomie? Sýnið upphaflega stöðu og áhrif aðgerða á líkani með heildareftirspurn (HE, e. AD) og heildarframboði (HF, e. AS). Ræðið áhrif til skemmri og til lengri tíma.

20. (10%) Teiknið peningamarkað í jafnvægi. Ef Seðlabankinn ákveður að lækka bindisskyldu hvaða áhrif hefur það á peningamarkaðinn? Sýnið áhrifin á myndinni. Er öruggt að þessi stefnubreyting hafi tilætluð áhrif? Til hvaða annarra aðgerða gæti seðlabankinn gripið til að fá sömu niðurstöðu? Útskýrið vandlega.

21. (10%) Gerum ráð fyrir að hagkerfið sé í jafnvægi þegar útflutningur eykst varanlega. Þessi breyting leiðir meðal annars til breytinga á tekjum, verðlagi og peningaframboði. Útskýrið hvernig hagkerfið nær aftur jafnvægi í ljósi þess að fylgt er fastgengisstefnu stjórnvalda.

22. (10%) Gerum ráð fyrir að markaður með íslensku krónuna sé virkur og gengið ráðist af framboði og eftirspurn. Almennt er búist við að Seðlabankinn muni fljótlega tilkynna lækkun stýrivaxta. Hvað gerist á markaði með íslensku krónuna? Hvað gerist þegar Seðlabankinn tilkynnir lækkun stýrivaxta? Sýnið með mynd af markaði með íslenska krónu.